

Ed.

85. Nefndarálit

[64. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en eigi orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. vill samþykkja frv. óbreytt, en undirritaðir leggja til, að það verði fellt.

Árið 1961 var sú nýbreytni tekin upp með bráðabirgðalögum, að gengisskrán-ingarvaldið var tekið af Alþingi og fengið ríkisstjórn og Seðlabanka.

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 10 29. marz 1961 ákveður Seðlabankinn að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar stofngengi íslenzkrar krónu gagnvart erlendum gjaldeyri.

Síðdegis í gærðag barst tilkynning um, að umrædd heimild hafi nú verið notuð þannig, að stofngengi krónunnar gagnvart Bandaríkjadollar hafi verið fellt um 24.6%, en af því leiðir verðhækkun á erlendum gjaldeyri, sem nemur 32.6%.

Þessi boðskapur hefur verið birtur alþingismönnum eins og öðrum landslýð, og þeir hafa ekki nein tók á því lengur að hafa þar áhrif á.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, er aðeins örlítill angi af stóru máli, það fjallar um fáein framkvæmdaatriði þeirrar örlagaríku ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að fella gengi krónunnar í þriðja sinn á 8 árum.

Afleiðingar gengisfellingarinnar koma fram á flestum sviðum þjóðlifsins, og margvísleg lagasetning er óhjákvæmileg afleiðing hennar.

Það er skoðun okkar, að svo stórfelld gengislækkun, án þess að jafnhliða séu gerðar veigamiklar ráðstafanir til að tryggja réttláta framkvæmd hennar, séu fráleit vinnubrögð og næsta ótrúlegt, að alþingismenn treysti sér til að fallast á frv., án þess að svar hafi fengizt við mörgum grundvallarspurningum, sem fram hafa verið bornar á Alþingi um þýðingarmikil atriði málsins.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að tollar til ríkissjóðs verði óbreyttir að hundraðshluta þrátt fyrir þá gífurlegu hækkun, sem af gengisfellingunni leiðir. Afleiðing þessa er stórkostleg hækkun á vöruverði og óbærileg kjaraskerðing alls þorra manna.

Jafnframt er ráðgert að rjúfa tengsl kaupgjalds og verðlags og afnema þannig þá einu tryggingu, sem launþegar hafa haft gegn því að kaffærast í verðbólguflóðinu.

Þessar ráðstafanir koma í kjölfarið á lækkuðum niðurgreiðslum á verði ýmissa landbúnaðarvara, sem þegar hafa aukið útgjöld heimilanna í landinu um hundruð milljóna.

Þrátt fyrir þessar staðreyndir, sem hljóta að leiða til vinnudeilna að óbreyttu ástandi, hyggst ríkisstjórnin framkvæma gengislækkunina án nokkurra ráðstafana, a. m. k. nú þegar, til að draga úr hættulegustu afleiðingum hennar.

Við undirritaðir teljum, að stefnan í efnahagsmálunum sé röng. Sé áfram haldið á sömu braut, verði afleiðingin áframhaldandi lífskjaraskerðing almennings í landinu. Við álitum, að stefnubreyting þurfi hér til að koma, og leggjum því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 24. nóv. 1967.

Einar Ágústsson,
frsm.

Karl Guðjónsson.

Bjarni Guðbjörnsson.